

Akraneskaupstaður
Stillholti 16-18
300 Akranes

18. desember 2025
UOS2512212/S.M.

Efni: Reglubundið eftirlit 17. nóvember 2025 – ID19

Pann 17. nóvember 2025 fór fram reglubundið eftirlit án vettvangsheimsóknar með aflögðum urðunarstað Akraneskaupsstaðar við Berjadalsá. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar, sbr. gr. 1.7, og skila niðurstöðum fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili hefur ekki skilað skráningum vegna ársins 2024.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
teymi eftirlits

Halla Margrét Viðarsdóttir
teymi eftirlits